

Nd.

716. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:
 - a. Með skylduinnlánnum eigenda nýbyggingarsjóða skv. 5. gr.
 - b. Með útgáfu vaxtabréfa, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Skulu þau gefin út í flokkum og innleyst eftir reglum, sem fjármálaráðherra samþykkir. Nánari tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar skal fjármálaráðherra ákveða með reglugerð.
 - c. Með sérstökum lántökum gegn ríkisábyrgð hjá öðrum lánsstofnunum, enda annist fjármálaráðuneytið um þær lántökur.
Lán skv. b- og c-lið mega ekki fara yfir 140 milljónir króna.
2. Við 3. gr. Fimm síðustu málsgreinir greinarinnar falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkissjóður greiði stofnlánadeildinni árlega fjárhæð, sem nemur vaxtahalla deildarinnar.
4. Við 6. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
5. Við 7. gr. greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.